

A 1793/presidiet

Flytjandi Norræn vinstri græn
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Þingmannatillaga um að gera starfsemi Norðurlandaráðs kolefnishlutlausa**Tillögur**

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð taki ákvörðun um

að ráðast í úttekt á árlegri losun gróðurhúsalofttegunda af völdum starfseminnar;

að vinna framkvæmdaáætlun um leiðir til að draga úr losun og gera starfsemina kolefnishlutlausa.

Aðdragandi

Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) gaf út nýjustu skýrslu sína í október 2018. Samkvæmt sérfræðingum nefndarinnar er munurinn á 1,5 gráðu hlýnun og 2 gráðu hlýnun gríðarlegur. Tveggja gráðu hlýnun hefur áhrif á líf manna, vistkerfi okkar og aðrar tegundir um heim allan með hörmulegum afleiðingum. Mun fleiri eiga á hættu að vera án matar vegna minni uppskeru, meira en 99 prósent af kóralrifjum heims munu sennilega deyja og á Norðurlöndum mun þetta meðal annars bitna illilega á skógum.

Ef okkur tekst hins vegar að halda hlýnuninni við 1,5 gráður þýðir það verulega minni hættu fyrir meirihluta gróður- og dýralífs en við 2 gráðu hlýnun. Það þýddi einnig 10 sentimetrum lægri hækun yfirborðs sjávar en við 2 gráðu hlýnun, sem getur skipt sköpum fyrir milljónir manna sem búa á strandsvæðum eða lágt liggjandi eyjum. Auk þess minnkar hættan á svonefndum þröskuldsáhrifum þar sem jörðin sjálf hrindir af stað ferlum sem bæta gráu ofan á svart.

2 gráður eru því ekki öruggt stig og við verðum að gera allt í okkar valdi til að ná metnaðarfyllra markmiðinu um 1,5 gráður. Auk pólitískra ákvarðana á alþjóðlegum og landsbundnum vettvangi er nauðsynlegt að stofnanir fari yfir starfsemi sína og geri hana kolefnishlutlausa, eigi okkur að takast að sporna við hlýnun loftslagsins.

Hér ætti Norðurlandaráð að ganga á undan með góðu fordæmi og gera starfsemi sína kolefnishlutlausa. Alþjóðlegt samstarf kallar meðal annars á tíðar flugferðir og einnig skiptir máli hvers konar mat er boðið upp á þegar mörg hundruð manns koma saman. Norðurlandaráð ætti að ráðast í úttekt á árlegu loftslagsspori af völdum starfsemi



sinnar og því næst leggja á ráðin um að minnka þetta spor svo að starfsemin öll verði kolefnishlutlaus.

Ýmislegt má gera til að minnka losun af völdum starfseminnar. Einhverjir embættismannafundir gætu farið fram rafrænt, leggja mætti áherslu á grænmetisfæði eða fiskmeti úr nærumhverfi í sameiginlegum málsverðum og kolefnisjafna þá losun sem á sér stað. Allt miðar þetta að því að draga úr losun og stuðla að því að áhrif á loftslagið verði hlutlaus.

Allar aðgerðir verða þó að hafa útgangspunkt í starfseminni og því leggja Norræn vinstri græn til að fyrst verði unnin úttekt á losun af völdum starfseminnar í núverandi mynd og því næst framkvæmdaáætlun með því markmiði að draga úr losun. Þá ætti Norðurlandaráð að hvetja norrænu þjóðþingin til að fara að dæmi sínu og draga úr loftslagsáhrifum af völdum eigin starfsemi svo að hún verði kolefnishlutlaus.

15. október 2018

Christian Juhl (EL)

Christian Poll (ALT)

Håkan Svenneling (V)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Paavo Arhinmäki (väinst.)

Pauli Trond Petersen (T)

Sofia Geisler (IA)

Solfrid Lerbrekk (SV)

Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)